




Breytingar á örorkulífeyriskerfinu

„Fram undan eru breytingar
á örorkulífeyriskerfinu þar
sem við **einföldum kerfið**
og gerum það **réttlátara**.

Breytingarnar fela í sér **nýja hugsun** þar
sem við tökum betur utan um fólk en
áður og búum til umgjörð sem
gerir því kleift **að blómstra**
á eigin forsendum.“

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
félags- og vinnumarkaðsráðherra

Af hverju breytingar?



Kerfið er flókið og ógagnsætt



Litlir hvatar til atvinnuþátttöku



Mörg tækifæri fólgin í því að koma í veg fyrir að fólk endi ótímabært á örorku

Úr stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar:

» Örorkulífeyriskerfið verður einfaldað, dregið úr tekjutengingum og það gert **skilvirkara, gagnsærra og réttlátara.**

Hvað á sér stað nú?

- » Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, mælti fyrir frumvarpi um breytingar á örorkulífeyriskerfinu á Alþingi í mars 2024.
- » Alþingi samþykkti lögin í júní 2024.
- » Nýju lögin taka gildi þann 1. september 2025.

Nýja kerfið


- 1 **Bætt þjónusta** og aukin samvinna
- 2 **Bætt kjör** með betra og einfaldara greiðslukerfi
- 3 **Mikilvægir hvatar** til atvinnupátttöku



Breytingarnar fela í sér bætta þjónustu og meiri samvinnu kerfa í endurhæfingu, mikilvæga hvata til atvinnupátttöku og bætt kjör með betra og einfaldara greiðslukerfi

Árangur hvetur okkur áfram

» Um árabil hefur áhersla verið lögð á að **starfsendurhæfing sé reynd áður en til mats á örorku kemur**. Þetta hefur skilað árangri sem hvetur okkur til að halda áfram og bæta kerfið. Leiðarljósið í þeirri vinnu er að stuðla að auknu afkomuöryggi fólks, meiri virkni og aukinni vellíðan.




Nýgengi endurhæfingarlífeyrisþega

(þau sem fengu greiddan endurhæfingarlífeyri í fyrsta skipti)

Hlutfall af mannfjölda 18-66 ára

 Fjöldi sem fær greitt í hverjum mánuði um 3.300




Nýgengi örorkulífeyrisþega

(þau sem fengu greiddan örorkulífeyri í fyrsta skipti)

Hlutfall af mannfjölda 18-66 ára

 Fjöldi örorkulífeyrisþega að jafnaði um 19.500 síðustu ár



Hlutfall endurhæfingarlífeyrisþega sem fer á örorkulífeyri eftir að endurhæfingu er lokið



” Fólk á ekki að mæta þröskuldum heldur þjónustu.

Leiðarljósið er skýrt: Að stuðla að bættum kjörum, aukinni virkni og meira öryggi og vellíðan fólks. Með þessu búum við til réttlátara samfélag þar sem **við erum öll með og skiptum öll máli.**

“

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,
félags- og vinnumarkaðsráðherra

» Markmiðið er að bæta afkomu þeirra sem fá greiddan örorkulífeyri, einfalda kerfið, draga úr tekjutengingum, auka hvata til atvinnuþátttöku og gera örorkulífeyriskerfið **skilvirkara, gagnsærra og réttlátara**

» Stuðningur er sömuleiðis aukinn við fólk meðan á endurhæfingu þess stendur, samvinnu þjónustukerfa komið á og áhersla lögð á að **grípa fólk snemma og hindra að það falli á milli kerfa**



Áhersla á virkni ...



Aukin áhersla á snemmtæka íhlutun




Aðgerðir til að auka líkur á endurkomu á vinnumarkað



Bætt þjónusta í endurhæfingu



Fólk aðstoðað við að fara út á vinnumarkað í stað þess að enda ótímabært á örorku



Hvatar til atvinnuþátttöku



Dregið úr hindrunum og alvöru hvötum komið á fyrir fólk til að fara út á vinnumarkað

... en einnig að halda utan um þau sem ekki taka þátt á vinnumarkaði



Mikilvægt að halda vel utan um þennan hóp

Helstu breytingar á kerfinu

Meginefni laganna sem Alþingi samþykkti
snýr að breytingum á
lögum um almannatryggingar
lögum um félagslega aðstoð
lögum um vinnumarkaðsaðgerðir



Á næstu blaðsíðum getur þú séð
meginefni breytinganna



Samvinna kerfa og samhæfingarteymi

» Þau þjónustukerfi sem veita endurhæfingaráþjónustu skulu eiga með sér **samstarf og samvinnu** um endurhæfingu einstaklinga sem þurfa þjónustu fleiri en eins kerfis eða þurfa að fara á milli kerfa

» Þetta á ekki síst við um þau sem eru með **fjölpættan vanda**



Aukin samvinna þjónustukerfa



Samhæfingarteymi taka fyrir mál fólks með fjölpættan vanda




Einstaklingurinn er leiddur á milli þjónustukerfa og skýrt er hvar ábyrgðin liggur

Með markvissri samvinnu þjónustukerfa er stuðlað að heildstæðri nálgun og samfelli í endurhæfingu fólks þannig að það fái frekar **rétta þjónustu á réttum tíma**

Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur

» Komið verður á fót sjúkra- og endurhæfingargreiðslum sem **styrkja verulega stöðu** þeirra sem þurfa á **endurhæfingu að halda vegna langvarandi eða alvarlegs heilsubrests**

» Markmiðið er að draga úr áhyggjum fólks af framfærslu sinni meðan á endurhæfingu stendur, **halda betur utan um fólk** og auka líkur á farsælli endurkomu þess til vinnu



Í dag eru göt í kerfinu og fólk missir framfærslu sínu



Í nýja kerfinu er samfelld greiðslutímabil fyrir fólk í endurhæfingu

Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur

Aðeins meira um þær ...

» Greiðslurnar geta varað í allt að **5 ár**

» Hægt er að framlengja um allt að **2 ár** ef um er að ræða einstakling í **mjög viðkvæmri stöðu** sem vegna fjölpætts vanda er talinn þarfnast frekari viðurkenndrar meðferðar eða endurhæfingar



» Möguleiki er á greiðslum meðan einstaklingur **bíður eftir því að fá meðferð eða að endurhæfing hefjist ...** eða ef viðkomandi **telst enn ófær** um að taka þátt í fyrirhugaðri meðferð eða endurhæfingu ... einnig í allt að **þrjá mánuði eftir endurhæfingu** ef viðkomandi er skráður í atvinnuleit

Samþætt sérfræðimat


» Tekið verður upp **heildrænt mat** (ICF) í stað örorkumats eins og við þekkjum það í dag



» Matið byggir á hugmyndafræði alþjóðlegs flokkunarkerfis um **færni, fötlun og heilsu** (ICF) og kemur frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni, WHO

» Hugsunin að baki því snýr að valdeflingu og að styðja fólk til að **nýta sem best alla sína getu**

» Tryggingastofnun mun framkvæma matið



Megináhersla er á **færni** viðkomandi í samspili við umhverfi og aðstæður

Brennt getur komið út úr sambætta sérfræðimatinu

1

Minna en 25% geta til virkni á vinnumarkaði



Réttur til **örorkulífeyris**

2

26-50% geta til virkni á vinnumarkaði



Réttur til **hlutaörorkulífeyris**

3

Meira en 50% geta til virkni á vinnumarkaði




Ekki réttur til framfærslustuðnings
úr almannatryggingum

Nýr örorkulífeyrir

(0-25%)

geta til virkni á vinnumarkaði

» Tveir greiðsluflokkar almannatrygginga og einn greiðsluflokkur félagslegrar aðstoðar verða sameinaðir í einn flokk: **Örorkulífeyri**



Áfram **heimilisuppbót** og **aldursviðbót**
en breyttar reglur

Almennt frítekjumark: 100.000 kr.

» Öll sem eru með örorkumat í dag verða áfram á örorkulífeyri í nýju kerfi

» Breytingarnar auka ekki einungis réttindi örorkulífeyrisþega heldur mun langstærstur hluti þeirra sem fá greiddan örorkulífeyri samkvæmt gildandi lögum fá **hærri greiðslur í nýja kerfinu**

Hlutaörorkulífeyrir

(26-50%)

geta til virkni á vinnumarkaði

» Tekið verður upp það nýmæli að greiða **hlutaörorkulífeyri**.
Þau sem hafa tækifæri til að vinna hlutastörf geta með þessu aukið ráðstöfunartekjur sínar því auk mögulegra launa munu þau eiga rétt á hlutaörorkulífeyri.



Hlutaörorkulífeyrir

Hlutastarf

» Hlutaörorkulífeyrir hefur í för með sér **verulega aukinn stuðning** við þau sem ekki hafa fulla getu til virkni á vinnumarkaði en sem þó eru talin geta tekið þátt á vinnumarkaði að einhverju leyti

» **Hvötum er snúið við** þannig að fólk geti stígið skrefið út á vinnumarkað

Hlutaörorkulífeyrir

(26-50%)

geta til virkni á vinnumarkaði

Aðeins meira um hann ...

» Til að styðja enn betur við fólk sem fær hlutaörorkulífeyri verður tekinn upp **virknistyrkur** og **sérstakt frítekjumark vegna atvinnutekna**

» Fólk í þessum hópi hefur hingað til mætt hindrunum við að fara út á vinnumarkað og **markmiðið er að ryðja þeim úr vegi**





(26-50%)
geta til virkni
á vinnumarkaði

Sérstakt frítekjumark

Komið verður á **stórauðnum hvötum** fyrir fólk sem fær greiddan hlutaörorkulífeyri til að fara út á vinnumarkað

Í dag geta greiðslur til fólks byrjað að lækka um leið og það fær greidd laun á vinnumarkaði

Breytt frítekjumörk í nýju kerfi gefa fólki sem fær greiddan hlutaörorkulífeyri **tækifæri til að afla sér tekna án þess að það hafi strax áhrif á greiðslur þeirra**

Virknistyrkur

Hvað ef fólk á hlutaörorkulífeyri **tekst ekki að fá hlutastarf?**

Virknistyrkur grípur fólkið meðan það leitar að vinnu

Fólk fær sérstaka **aðstoð Vinnumálastofnunar** við leitina

Virknistyrkur getur verið greiddur í allt að 24 mánuði og hægt er að óska eftir nýju samþættu sérfræðimati ef ekki tekst að fá starf við hæfi

Sérstakt frítekjumark vegna atvinnutekna **250.000 kr.**

Almennt frítekjumark **100.000 kr.**

Samtals 350.000 kr.

Samanlagt getur einstaklingur sem fær greiddan hlutaörorkulífeyri haft **350.000 kr.** í atvinnutekjur á mánuði án þess að greiðslur lækki

Vinnumarkaðsaðgerðir

» Samhliða nýju lögunum er nú unnið að margvíslegum vinnumarkaðsaðgerðum til að ná **sérstaklega til hópa í viðkvæmri stöðu**

- Stóraukinn stuðningur við ungt fólk í atvinnuleit: **Atvinnulífstenglum fjölgað verulega**
- Þjónustusamningur gerður um **starfsendurhæfingu ungs fólks**
- Endurskoðun á **atvinnu með stuðningi**
- Vinnusamningar vegna **langtímaveikinda**
- Þjónusta og stuðningur við þann hóp sem verið hefur hvað lengst án atvinnu: **Verkefnið Mínus 12 og Plús 12**



Helstu stærðir í nýju kerfi

(tölur 2024)

	Lífeyrir / grunn-greiðsla	Heimilis-uppbót	Aldurs-viðbót	Almennt frítækju-mark	Frítækju-mark vegna atvinnu-tekna	Skerðingar-hlutfall tekna
Örorkulífeyrir	380.000	63.000	30.000	100.000	0	45%
Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur	380.000	63.000	0	40.000	160.000	45%
Hlutaörorkulífeyrir (82% af örorkulífeyri)	311.600	63.000	30.000	100.000	250.000	45%
Virknistyrkur (18% af örorkulífeyri)	68.400					

Einfaldara kerfi – hærri grunnur

» Breytingarnar auka ekki einungis réttindi örorkulífeyrisþega heldur mun **langstærstur hluti** þeirra sem fá greiddan örorkulífeyri samkvæmt gildandi lögum fá **hærri greiðslur í nýja kerfinu**



95% lífeyrisþega fá hærri greiðslur í nýju kerfi

”

Fólk sem metið hefur verið á örorku hefur í gegnum tíðina gjarnan óttast það að fara út á vinnumarkað, þar sem samspil greiðsluflokka hefur verið flókið og áhrif annarra tekna á það er mismunandi í núverandi kerfi og **nær ómögulegt fyrir fólk að átta sig á því hvaða áhrif atvinna getur haft á greiðslur til þess.**

Nú hefur dæminu verið snúið við – við höfum dregið úr tekjutengingum, bæði með því **einfalda kerfið sjálft** og með því að **leggja til alvöru hvata og stuðning** fyrir fólk til að fara út á vinnumarkað.

“

Guðmundur Ingi Guðbrandsson,
félags- og vinnumarkaðsráðherra



» Þú getur kynnt þér frekara efni um breytingarnar hér á vefnum:

Öll með: Breytingar á örorkulífeyriskerfinu

22. júní 2024 / Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

| Öll með: Frumvarp um breytingar á örorkulífeyriskerfinu samþykkt á Alþingi



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, á kynningarfundi um frumvarpið í Þjóðmenningarhúsinu.

» Frumvarpið var unnið í félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og er **afrakstur víðtæks samráðs við helstu haghafa, stofnanir, önnur ráðuneyti og aðra hlutaðeigandi**



Stjórnarráð Íslands
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið